

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 10. mars 2023
UST202302-179/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga- Deiliskipulag fyrir Selskóg í Múlaþingi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaþings er barst 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Selskóg í Fljótsdalshéraði.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 55 hektarar að stærð og afmarkast af Selbrekkuhverfi og Hringvegi um Fagradal til suðurs, Seyðisfjarðarvegi til vesturs og Eyvindará og Háslæk til norðurs og austurs. Auk þess kemur fram að deiliskipulagið gengur út á að gera grein fyrir framkvæmdum, umfangi, aðgengi, bílastæðum, göngustígum og skilmálum. Lagt verður upp með að allar framkvæmdir valdi sem minnstu raski á landslagi og náttúru, tímabundið sem og til frambúðar.

Umhverfisstofnun veitti dags. 8. september 2020 umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að halda öllu raski í lágmarki og náttúrulegu eins og kostur er.

Brú og ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að brýrnar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er og verði ekki mjög áberandi í landslaginu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgangi leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Umhverfisáhrif - Miðhúsaskógur

Tillagan gerir ráð fyrir brú sem liggur yfir í Miðhúsaskóg sem er náttúrulegur birkiskógur að stórum hluta. Miðhúsaskógur er fyrir utan deiliskipulagsmörkin en ekki er sýndur göngustígur frá brúnni inn í skóginn í tillögunni.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um gönguleið frá fyrirhugaðri brú inn í Miðhúsaskóg, umhverfisáhrif metin og það komi fram í tillögunni hvort rask verði á birkitrjám og gróðri. Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum

framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur